

Ísafjarðarbær  
bt. Axels Rodriguez Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður  
[axelov@isafjordur.is](mailto:axelov@isafjordur.is)

Dags. 20.04.2020  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2020-0080  
0.5.1

Með bréfi dags. 12. febrúar sl., mótt. 27. sama mánaðar, óskaði Ísafjarðarbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands, m.t.t. ofanflóða, vegna óskar um breytingu á aðalskipulagi bæjarins á svæðinu á milli Seljalandsvegar 78 og 84 og gerð deiliskipulags.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Lóðin að Seljalandsvegi 82 er varin af þvergarði og reiknað með að hún verði á A-svæði þegar hættumat verður endurskoðað. Í reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða með síðari breytingum segir í 23. grein:

„Á svæðum þar sem öryggi fólks gagnvart ofanflóðum er aukið með varnarvirkjum samkvæmt endurskoðuðu hættumati er heimilt að þetta byggð og endurnýja mannvirki, sbr. 21. gr. enda sé staðaráhætta að teknu tilliti til varnarvirkja minni en 1,0 af 10.000. Þrátt fyrir að varnir séu hannaðar og reistar með það í huga að öryggi fólks neðan þeirra sé ásættanlegt ber sveitarstjórn að leitast við að stýra skipulagsgerð og þróun byggðar með tilliti til ofanflóðahættu.“

Jafnframt segir í 21. gr. um nýtingu hættusvæða:

„Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgistingar á skíðasvæðum.“

Þar sem um er að ræða þegar skipulagt svæði á ekki við ákvæði 16. gr. um að óheimilt sé að skipuleggja íbúðabyggð á áður óbyggðum hættusvæðum.

Það er því í samræmi við reglugerð um nýtingu hættusvæða að reisa einbýlishús á lóðinni. Við skipulagsgerð ætti þó, eins og segir í reglugerðinni, að hafa í huga að þarna er ofanflóðhætta og huga að því hvort að aðrar lóðir utan hættusvæða kæmu frekar til greina sem byggingarlóðir. Ekki er gerð krafa um styrkingu einbýlishúsa á A-svæðum, en það væri mjög til bóta að væntanlegt einbýlishús væri staðsett og hannað með tillit til ofanflóðahættu, t.d. hvað varðar staðsetningu byggingarreits innan lóðarinnar, stærð á gluggum sem vísa upp í hlíðina og að húsið verið járnþent steinhús með steyptri loftplötu.

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ